WooCommerce tenging við Noona HQ

Síðast uppfært 08/07/2026 3:21 pm BST

Tengdu Noona HQ við WooCommerce og fáðu sölurnar inn í birgðahaldið í rauntíma

Ef þú ert að nota netverslunarvirkni hjá WooCommerce og sölukerfi Noona þá getur þú nú tengt kerfin saman á einfaldan hátt þannig að salan í Noona uppfæri meðal annars birgðastöðuna í WooCommerce. Þetta ætti því að geta sparað þér tímann og umstangið við að uppfæra söluupplýsingar í búðinni og netversluninni.

Helstu eiginleikar samþættingarinnar

Upplýsingar um vöruheiti, vörulýsingar, verð, virðisauka, birgðir, vörumyndir og vöruflokka í sölukerfi Noona uppfærast í rauntíma inn í WooCommerce og upplýsingar um birgðastöðu og viðskiptamann uppfærist í rauntíma frá WooCommerce yfir í Noona HQ.

Hvað gerir viðbótin?

- Flytur vörur frá Noona HQ yfir í WooCommerce.
- Samstillir pöntunarstöður úr WooCommerce yfir í Noona HQ.
- Býður upp á handvirka samstillingu fyrir vörur og pantanir.
- Styður webhook-a fyrir sjálfvirkar uppfærslur þegar breytingar verða.

Helstu kostir

- Minni handavinna og færri innsláttarvillur.
- Betri samræming gagna milli vefverslunar og Noona HQ.
- Skýr yfirsýn yfir tengingu og samstillingarstöðu.

Ef þú ert með netsölu hjá WooCommerce og notar sölukerfi Noona þá einfaldar samþættingin utanumhald sölunnar þinnar heilmikið. Þegar þú selur vöru í sölukerfi Noona geturðu verið viss um að birgðirnar séu réttar í netsölunni!

Hver getur notað tenginguna?

Forkröfur þess að þú getir tengt sölukerfi Noona við WooCommerce er að þú sért með netsöluvirkni hjá WooCommerce og í sölukerfinu hjá Noona.

Nánari upplýsingar um verð, uppsetningu og framkvæmd tengingar fást með því að hafa samband við [info@addons.is].


Athugið að Noona sér ekki um tenginguna sjálfa né verðlagningu hennar. Allar fyrirspurnir varðandi tenginguna, kostnað og tæknilega útfærslu skulu berast beint til þjónustuaðila á ofangreindu netfangi.

Tengja WooCommerce við Noona HQ


Hér að neðan getur lesið, skref fyrir skref, hvernig þú tengir WooCommerce við sölukerfi Noona.

Skref fyrir skref:


1. Skráðu þig inn á Noona HQ aðganginn þinn.
2. Smelltu á fellilistann uppi í hægra horninu.




3. Smelltu á „**Stillingar**“.
4. Undir „**Aðgangur**“, veldu „**Viðbætur**“.




5. Finndu WooCommerce appið og smelltu á „**Tengja**“.



6. Veittu WooCommerce aðgang með því að smella á „**Samþykkja**“ takkann.



7. Nýr gluggi með WooCommerce ætti að opnast. Settu inn slóðin á vefsíðunni þinni og smelltu á „**Áfram**“.



8. Nú opnast nýr gluggi. Þú þarft ekki að gera neitt nema að bíða í nokkrar sekúndur. Þegar síðan opnast aftur á Noona HQ er allt klárt!

Hvernig fjarlægi ég tenginguna?

Þú fjarlægir tenginguna við WooCommerce með því að fara undir **Stillingar --> Aðgangur** --> **Viðbætur** og smella á ruslatunnuna við WooCommerce appið.

Ef það er engin ruslatunna og það stendur **Tengja** þá er appið ekki lengur tengt.

Eins og alltaf, ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna ?